



350. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 18. janúar 2024 kl. 16:00.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Teams: Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Valdimar Leó Friðriksson.

Forföll: Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Garðar Svansson og Hafsteinn Pálsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

#### Dagskrá:

##### 1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí, sbr. samantekt.

##### 2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri skýrði frá vinnu við tillögur að lottóúthlutun og úthlutun ríkisstyrks. Skoða þarf hvort að breytt reglugerð vegna lottóúthlutunar taki gildi 1. apríl eða 1. maí vegna breytinga sem tengjast svæðisskrifstofum íþróttahreyfingarinnar. Vinnunni er ekki alveg lokið en mögulega þarf að kalla til aukafundar í framkvæmdastjórn vegna málsins, til kynningar og staðfestingar.

Hörður skýrði einnig frá nokkrum skattalegum málefnum sem varða íþróttahreyfinguna og hagsmuni hennar. Vonast er til að hægt verði að funda fljótlega með fulltrúum frá Skattinum vegna þessara mála.

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skýrðu frá því að farið hefði verið framúr fjárhagsáætlunum síðasta árs. Helsta orsök þess væru framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina sem reyndust bæði kostnaðarsamari og víðtækari en áætlanir gerðu ráð fyrir eins og kynnt var á 344. fundi framkvæmdastjórnar þann 21. september 2023. Greining á þeim liðum sem farið var framúr áætlun með verður lögð fyrir stjórn til frekari skýringar.

Forseti skýrði frá því að líkur væri á því að einhver kostnaður félli á ÍSí og UMFÍ vegna undirbúnings að mótun svæðisskrifstofa og umsýslu með verkefninu í framhaldinu.

##### 3. Starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSí

Helga Hlín Hákonardóttir lögfræðingur og ráðgjafi kom inn á fundinn undir þessum lið og fór í gegnum framlagðar starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSí. Helga Hlín var fengin til að rýna drögin sem búið var að vinna af hálfu ÍSí og voru drögin uppfærð með hliðsjón af hennar ábendingum. Helga Hlín fór í gegnum helstu þætti og áherslur í starfsreglum stjórna og tilganginn með setningu slíkra reglna.

Umræður urðu um starfsreglurnar og einstaka þætti þeirra.

Orðalagsbreytingar voru gerðar á 3., 12. og 13. grein reglnanna og voru starfsreglurnar samþykktar samhljóða með þeim breytingum.

**Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson véku hér af fundi.**

#### **4. Úthlutun Afrekssjóð ÍSÍ**

Pórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti fylgdi eftir tillögum sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ, samkvæmt fundargerð 309. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ sem lögð var fram undir þessum dagskrárlið, um úthlutanir vegna ársins 2024. Úthlutað er að þessu sinni eftir nýsamþykktari Reglugerð um Afrekssjóð ÍS sem samþykkt var af framkvæmdastjórn ÍSÍ þann 2. nóvember 2023.

Heildarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna ársins 2024 er samkvæmt tillögunni kr. 499.401.500,-, að meðtalinni 35 m. króna úthlutun frá því í desember 2023. Heildargrunnúthlutun ársins 2023 var 535,5 m. króna. Lægri upphæð er til úthlutunar í ár heldur en á síðasta ári þar sem í fyrra var úthlutað viðbótarfé í sjóðnum sem varð til vegna tilfærslna á fé frá COVID árunum þegar afreksstarfið lá mikið niðri.

Þá er lagt til að samþykkt verði að sjóðurinn greiði ÍSÍ, líkt og síðustu ár, 3 m. króna fyrir umsýslu með sjóðinn, 10 m. króna fyrir þjónustu starfsmanna ÍSÍ við sjóðinn og 4 m. króna í heilbrigðisteymi og afreksmiðstöð ÍSÍ. Alls 17 m. króna.

Umræður urðu um tillöguna, breytingar á flokkun sérsambanda og samanburð á milli ára. Tillaga sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ voru samþykktar samhljóða.

**Olga, Úlfur, Valdimar og Viðar komu inn á fundinn aftur.**

#### **5. Íþróttamaður ársins 2023**

Rætt um hóf Íþróttamanns ársins, sem var með breyttu sniði í ár. Farið var yfir ýmsa þætti viðburðarins, hvað tókst vel til og hvað mætti betur fara.

#### **6. Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ**

Vinnufundur verður með tenglaráði um svæðisskrifstofu á morgun, með aðstoð Intellecta ráðgjafafyrirtækis. Öll svæði eiga fulltrúa í tenglaráði. Framkvæmdastjóri fór yfir það helsta sem tekið verður fyrir á vinnufundinum.

#### **7. Ólympíuleikar ungmenna í Gangwon 2024**

Í hóp þeirra ungmenna sem taka þátt í leikunum og framkvæmdastjórn hafði þegar staðfest, bættist Þórdís Helga Grétarsdóttir (alpagreinar), sem fékk síðbúið boð um þátttöku. Hennar þátttaka í verkefninu var staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ með rafrænum hætti í tölvupósti á milli funda og er sú staðfesting hér formlega bókuð í fundargerð.

Framkvæmdastjóri upplýsti einnig að Reynar Hlynsson (snjóbretti) sem keppa átti á leikunum hefði því miður meiðst á æfingu og tæki því ekki þátt í leikunum.

#### **8. Umsókn um boðssæti á ÓL í París 2024**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ÍSÍ hafi boðist sá möguleiki að sækja um boðssæti á Ólympíuleikunum 2024 í París. Alls fengu 93 þjóðir slíkt boð og eru 104 sæti í boði. Starfsfólk Afrekssviðs ÍSÍ hefur unnið að tillögum í samráði við Afreksráð ÍSÍ og var tillaga

um umsóknir og forgangsröðun send í tölvupósti til framkvæmdastjórnar ÍSí sem samþykkti tillöguna. Sótt hafi verið um boðssæti fyrir eftirtalda sex einstaklinga á leikana:

- Eygló Fanndal Sturludóttir, keppandi í -71 kg flokki í ólympískum lyftingum.
- Valgarð Reinharðsson, keppandi í áhaldafimleikum.
- Guðlaug Edda Hannesdóttir, keppandi í þríþraut.
- Svava Bjarnason, keppandi í samanlögðum greinum grjótglímu og línuklifurs.
- Hákon Þór Svavarsson, keppandi í haglabyssuskotfimi (skeet).
- Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, keppandi -57 kg flokki í taekwondo.

Mikil vinna var lögð í umsóknirnar og matið sem lá að baki þeim. Niðurstöðu er ekki að vænta fyrr en á vormánuðum og óvíst er um fjölda sæta.

#### **9. Fyrirmyndarhérað ÍSí – umsókn um endurnýjun**

Íþróttabandalag Akureyrar hefur sótt um endurnýjun á gæðavottuninni Fyrirmyndarhérað ÍSí, til næstu fjögurra ára. Öll tilskilin gögn liggja fyrir og hafa verið yfirfarin af starfsfólki Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Endurnýjunin samþykkt samhljóða. Afhendingin fer fram á Akureyri 31. janúar nk.

#### **10. Ferðasjóður íþróttafélaga**

Sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs skýrði frá því að ferli umsókna í Ferðasjóð íþróttafélaga hafi gengið að óskum. Umsóknum Umf. Grindavíkur var haldið opnum nokkuð fram yfir skilafrest, í ljósi aðstæðna, til að tryggja að félagið næði að nýta þetta fjárhagslega úrræði fyrir styrkhæfar ferðir félagsins. Dráttur hafði orðið á skilum þar sem félagið var lengi án framkvæmdastjóra og vegna þeirrar ringulreiðar sem skapast hefur vegna hamfaranna þar.

Yfirlestur umsókna er hafinn og er áætlað að úthluta úr sjóðnum í lok febrúar eða byrjun marsmánaðar, líkt og fyrri ár.

#### **11. Heiðranir**

Engar tilnefningar lágu fyrir.

#### **12. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 349. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí
- 307., 308. og 309. fundur Afrekssjóðs ÍSí

#### **13. Viðburðir framundan**

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru.

#### **14. Næstu fundir**

Fyrirhugað er að halda næsta fund framkvæmdastjórnar fimmtudaginn 15. febrúar nk. Þó gæti farið svo að kalla þyrfti til aukafundar á milli funda, ef þannig stendur á. Verður þá um Teams fund að ræða.

#### **15. Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.